

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 114

6. október 2021

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði skólans þriðjudaginn 6. október 2021 kl. 8:30. Mættir: Flosi Sigurðsson, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari. Í fjarfundarbúnaði mættu Helena Guttormsdóttir og Helgi Haukur Hauksson. Hrefna B Jónsdóttir boðaði forföll og hafði varamaður ekki tók á því að mæta í hennar stað Gestur fundarins var Helga Karlsdóttir fjármálastjóri MB.

Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson

1. Fundur settur og fundargerð fyrri fundar borin upp til samþykkt

Formaður stjórnar setti fundinn. Engar athugasemdir bárust við fundargerð síðasta fundar nr. 113 og var hún samþykkt samhljóða.

2. Drög að fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun

Helga Karlsdóttir fjármálastjóri MB var gestur fundarins og fór yfir drög að fjárhagsáætlun næstu þriggja ára eða til 2024. Yfirstandandi skólaþróunarverkefni kemur til með að hafa nokkur áhrif á fjárhagsáætlun sem og er enn von á tölum um rekstrarframlag frá ríkinu. Fjárhagsáætlun verður lögð fram til umræðu á næsta fjárhagsáætlun á næsta fundi stjórnar þann 11. nóvember.

3. Skólaakstur og nemendagarðar

Skólameistari fór yfir stöðu mála varðandi skólaakstur og samstarf MB, SSV, Borgarbyggðar og Vegagerðarinnar. Nú er ljóst að almenningssamgöngur verða eflar með samþættingu skólaaksturs við almenningssamgöngur í Borgarbyggð. Stjórn MB fagnar því að verkefnið sé nú að verða að veruleika. Skólameistari fór yfir fyrirkomulag akstursins og kynningarmál á þjónustunni.

Farið var yfir stöðu mála varðandi nemendagarða.

Ákjósanlegt er að sé byggðar verði nemendaíbúðir, en ekki finnst leiguhúsnæði eða húsnæði til kaups sem hentað gæti undir nemendagarða í Borgarnesi S skólameistara og formanni stjórnar veitt umboð til að koma þessum málum á skrið og leita að mögulegum samstarfsaðilum..

4. Staða skólaþróunarverkefnis



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

Skólameistari fór yfir gang mála í skólaþróunarverkefninu.. Sæmræming einingafjölda áfanga, upphaf framtíðarvers, starfsmannamál, lífsnám, lotur o.fl. Stefnt er á að hefja kennslu í STEAM greinunum á haustönn 2022. Umræður fóru fram í kjölfarið.

Stjórn MB fagnar gangi mála.

5. Upphaf skólaárs

Nemendaráð fer vel af stað og mikil virkni í félagslífinu. Ritnefnd hefur tekið til starfa, Gettu betur lið er í mótun og þjálfari ráðinn og verið er að efla leikhóp.

Vinnustofudagar eru á miðvikudögum. Almennt eru vinnustofudagar að koma sér vel og í samræmi við stefnu skólans um sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

6. Önnur mál

a) Innra starf á skrifstofu

Skólameistari leitaði til KPMG um endurskoðun verkferla í innra starfi MB. Von er á niðurstöðu á þeirri vinnu á næstu dögum. Einnig rætt um breytingar á tæknimálum, m.t.t. skjala- og gagnageymslu.

b) Staða á verknámi

Skólameistari hefur hafið samtal við Fjölbrautaskólaskóla Vesturlands varðandi mögulega samstarfsfleti til að efla iðn og verknám á upptökusvæði skólanna. Ákveðið að halda áfram samtalinu.

Fleira var ekki gert og fundir slitið klukkan 10:40.